

Eystrahorn

31. tbl. 40. árgangur

Fimmtudagurinn 15. september 2022

www.eystrahorn.is

Birkiskógurinn á Skeiðarársandi



Peir sem fara reglulega um Skeiðarársand hafa líklegast tekið þar eftir töluverðum breytingum. Mest áberandi eru birkitrén sem mynda nú nær samfellda breiðu um miðbik sandsins. Frá 2009 hefur verið farið með nemendahópa á sandinn til að fylgjast með framvindu gróðursins og framkvæma ýmsar mælingar en FAS vaktar þar fimm gróðurreit. Það eru staðnemendur í áfanganum „Inngangur að náttúruvísindum“ sem fara í þessa ferð. Í ár fóru tólf nemendur ásamt kennara og vísindamanni frá Náttúrustofu Suðausturlands til vöktunar þann 1. september.

Í ferðinni fá allir nemendur hlutverk við athuganir og skráningu á náttúrunni. Meðal þess sem er skoðað er gróðurþekja innan hvers reits, hæð trjáa og ársvöxtur. Þá er horft eftir ummerkjum um beit og ágangi skordýra.

Í ár voru nokkuð sérstakar aðstæður á sandinum en oft höfum við séð meiri grósku. Þannig voru allmörg tré innan reitanna sem að hluta voru ekki með nein laufblöð. Þá voru líka nokkur tré sem höfðu drepist frá því í fyrra. Ekki er víst hvað veldur þessu en vísindamenn sem vinna að rannsóknum á sandinum hafa verið látnir vita. Þrátt fyrir þetta sáust nýjar

trjáplöntur sem gægðust upp úr jarðveginum en til að verða mældar sérstaklega í vöktuninni þurfa þær að hafa náð 10 sentimetra hæð. Nú verður tíminn að leiða í ljós hvort að þessir nýnemar nái að vaxa og dafna.

Þegar farið er á milli reitanna má sjá mörg tré sem eru hærri en þau sem eru innan reita FAS. Eitt þeirra er t.d. staðsett ofan í jökulkleri og hefur einhvern tímann brotnað að hluta. Frá því í fyrra hefur það orðið fyrir meira hnjaski og nokkrar greinar hafa brotnað af að hluta í tæplega tveggja metra hæð. Mögulega hamlar skemmdin vexti því tréd hækkar lítið sem

ekkert á milli ára.

Eftir ferðina vinna nemendur skýrslu. Vinnan felst m.a. í því að skoða tölulegar upplýsingar á milli ára og velta fyrir sér líklegum skýringum á breytingum. Líkt og fyrri ár verða niðurstöður ferðarinnar birtar á <http://nattura.fas.is/> Ferðin gekk í alla staði ljómandi vel og voru nemendur og leiðbeinendur ánægðir og lærðu margt nýtt. Ekki spillti fyrir að veður var eindæma gott; logn, sól og hiti 11 gráður.

*Hjördís Skírnisdóttir
Lilja Jóhannesdóttir*

Karлакórinn Jökull 50 ára

Nú er Karлакórinn Jökull að hefja sitt fimmtugasta starfsár, og ætlum við að fagna því með ýmsum hætti í vetur og fram á árið 2023. Við höldum árlegan aðalfund þann 19. september n.k. og höldum svo fyrstu æfingu vetrarins þann 26. september í Hafnarkirkju kl. 19:30. Hvetjum við alla, bæði gamla kórfélaga sem og aðra þá stráka/karla sem hafa áhuga á að taka þátt í þessum skemmtilega félagsskap endilega að hafa samband við okkur, hitta Jóhann kórstjóra í smá prufu og koma svo með okkur í gleðina, því söngurinn lengir lífið og er hinn mesti gleðigjafi.

Stjórn Karлакórsins Jökuls



Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á www.eystrahorn.is

FÉLAG HARMONIKUUNNENDA Hornafirði er fimm ára um þessar mundir.

Í tilefni af því verður hagrðingakvöld á Smyrlabjörgum þann **15. október**.

Framhaldsaðalfundur frá í vor verður haldinn 1. október klukkan 10:30 í Ekrusalnum.

Sjáumst !



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIÐINGA

HAUSTFUNDUR Félags eldri

Hornfirðinga verður haldinn í Ekru þriðjudaginn 27. september kl. 17:00.

Gestur fundarins verður *Sigurjón Andr sson bæjarstjóri*.

Kaffi og v flur   fundinum.

N yr f lagar  vallt velkomnir. Eflum f lagisstarfi !



F lag eldri Hornfir inga b  ur f lagism nnum s num  ttt ku  

HAUSTFERÐ f studaginn 23. september n.k.

Brottf r fr  Ekru kl 09:00

Taki  me  ykkur skotsilfur og kl  na  eftir ve ri.

Tilkynni   ttt ku til:

Haf isar Gunnarsd. s. 866-0050

 nnu Halld rsd s. 866-0086

 rvar ar  rnasonar s 895-9003

Stj rn og fer anefnd



Elskulegur eiginma ur minn, fa ir, tengdafa ir, a i og langa i,

FREYSTEINN  RÐARSON
v lstj ri

l st   hj krunarheimilinu Skj lgar i, Hornafir i, m nudaginn 12. september.

 tf r hans fer fram laugardaginn 17. september klukkan 14, fr  Hafnarkirkju.



Gu laug Þorgeirsd ttir

J na Krist n Freysteinsd ttir

Borgþ r Freysteinsson

Svanhildur Freysteinsd ttir

barnab rn og barnabarnab rn

P tur   Unnsteinsson

Inga Jenn  Reynisd ttir

Hlynur Gar arsson

A ALFUNDARBO 

A alfundur Karlak rsins J kuls ver ur haldinn   Hafnarkirkju þann 19. september n.k. kl 20

- Venjuleg a alfundarst rf
- Kosi    fer a- og afm lisnefnd
- Fari  yfir starf vetrarins
-  nnur m l

*Stj rn Karlak rsins
J kuls*



**Bifrei asko un   H fn
19., 20. og 21. september.**

T mapantanir   s ma 570-9090

fyrir kl. 16:00 f studaginn 16. september.

N sta sko un 17., 18. og 19. október.

Frumherji

Þegar vel er sko a 



Sveitarf lagi 

HORNAFJ R UR



Leiksk linn   H fn – deiliskipulag

B jarstj rn Sveitarf lagsins Hornafjar ar samþykkti þann 17.  g st 2022   auglysa,   samr mi vi  1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, till gu   deiliskipulagsbreytingu   deiliskipulagi austan V kurbrautar – S3, sem tekur til l  ar leiksk lans Sj narh ls   L nguh lum 47.

Helstu markmi  breytingarinnar er st kkun l  ar til nor urs og su austurs, auk byggingarreits fyrir n ja  lmu vi  sk lann.

Tillagan ver ur til s nis fr  14. september til 26. október   anddyri R  h ss, Hafnarbraut 28, 780 H fn. Einnig er h gt   sko a deiliskipulagstill guna   heimas u Hornafjar ar: www.hornafjordur.is undir Skipulag   kynningu.

 eim sem telja sig eiga hagsmuna   g ta e a vilja gera athugasemdir er h r me  gefinn kostur   gera athugasemdir vi  till gunina   auglysingat ma.

Eing ngu er teki  vi  athugasemdum   rafr nan h tt. Fari  er inn  auglysingu skipulagstill gunnar   heimas u sveitarf lagsins, þar er tengill sem v sar    b ag tt og þarf   skra sig inn me   slykli.

H gt er    ska eftir n nari lei beiningum gegnum netfangi  skipulag@hornafjordur.is.

Brynja D gg Ing lfsd ttir

Umhverfis- og skipulagsstj ri Sveitarf lagsins Hornafjar ar



Sveitarf lagi  Hornafj r ur / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is



Svalbar  5 • S mi: 848-3933

 tgefandi: HLS ehf.
Rittstj ri og  byrg arma ur: Tj rvi  skarsson
Netfang: tjorvi@eystrahorn.is

Pr farkalestur: Gu laug Hestnes
Umbrot: Tj rvi  skarsson
Prentun: Litlaprent
ISSN 1670-4126

„Ég hef farið í jóga, það er ekki fyrir mig“

Ég hef heyrt marga segja þetta þegar ég segi þeim að ég sé jógakennari og þetta er akkurat setningin sem ég sagði þegar einhver nefndi jóga. Mér fannst ekki líklegt að minn ADHD hugi myndi hreinlega lifa af að fara í jógatíma, ég meina að þurfa að kyrra hugann og einbeita mér að öndun, nei takk. Svo þegar ég uppgötvaði hvað það eru til margar gerðir af jóga og fann mitt jóga, þá hreinlega elska ég að iðka jóga. Sem dæmi um jóga má nefna: Kripalu-, Bikram-, Iyengar-, Sivananda-, Power- og Ashtana, Hatha- og jóga nidra . Jafnvel þótt þessar stefnur virðist ólíkar við fyrstu sýn er um að ræða mismunandi útfærslur á líkamsstöðu sem byggja á sama grunni.



Jóga er fyrir alla, en það eru ekki allir sem finna sig í jóga. En ef þig langar til að gefa jóga séns er mikilvægt að leyfa sér að prófa nokkrum sinnum. Kannski prófa nokkrar týpur af jóga og helst hjá ólíkum kennurum, því það gæti komið þér á óvart hvað jóga er fjölbreytt. Svo er það líka bara þannig að það fíla ekki allir jóga – og það er allt í lagi.

En hvað gerir jógaástand þá fyrir okkur?

Jógaástandun hjálpar okkur að halda eðlilegu orkuflæði um líkamann með því að halda honum slökum og teygjanlegum. Regluleg jógaástandun getur bætt líkamlega líðan, aukið einbeitingu, örvað meltingu, styrkt og liðkað líkamann, róað hugann, dýpkað svefninn, mýkt liðina og margt fleira. Ef ég get róað hugann, þá hef ég trú á því að flestir geti það líka.

Allir eru velkomnir að koma í Sporthöllina og prófa Jóga Styrk sem er á mánudögum kl.17:30-18:30 og á fimmtudögum kl.06:10-07:00, það gæti hentað þér.

Kærleikskveðja Kolla Bjöss

Ferðafélag Austur-Skaftfellinga

Laugardaginn **17. september** verður gönguferð í Suðursveit. Gert er ráð fyrir að ganga við Staðarfjall eða Steinafjall, en ef vatn í ám og lækjum virðist muni vera svo mikið að það sé til vandræða, þá er möguleiki að gönguleiðin verði endurskoðuð (sem verður þá auglýst nánar á [facebooksíðu Ferðafélagsins þegar nær dregur](#)). Það er fallett í Steinadalnum, Staðarfjallið og umhverfið allt er afar skemmtilegt. Erfiðleikastig göngunnar er einn skór. Allir eru velkomnir í göngur ferðafélagsins, ef hundar eru með í för eru þeir á ábyrgð eiganda og taumur skal vera meðferðis. Sigrún Sigurgeirsdóttir leiðir gönguna, síminn er 864-5456. Lagt verður af stað frá tjaldstæðinu á Höfn kl.10:00, einnig er hægt að mæta við afleggjarann inn í Steinadal kl.11:00, afleggjarinn sést fljótlega eftir að komið er vestur fyrir Steinavötnin. (Sigrún mætir þangað – ekki á tjaldsvæðið). Mikilvægt er að huga að veðurspá og haga klæðnaði í samræmi við hana, einnig að muna eftir nestinu.

Þátttökugjald í göngur Ferðafélagsins er kr. 1.000 fyrir einstaklinga, kr. 1.500 fyrir pör og frítt er fyrir 18 ára og yngri.



Fyrsta skóflustunga fyrir nýtt hjúkrunarheimili



Mánudaginn 19. September kl.11:00 verður hátíðleg athöfn þar sem Willum Þór Þórsson heilbrigðisráðherra ásamt heimamönnum taka fyrstu skóflustunguna fyrir nýtt hjúkrunarheimili á Höfn. Eftir athöfnina verða tónlistaratriði og veitingar í Ekru. Allir eru hvattir til að mæta og halda upp á daginn saman.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar

Tilraun æðarrækt, sjálfbært samlífi



Mynd: Sunday & White studio

Föstudaginn 16. september klukkan fjögur verður opnuð sýningin Tilraun Æðarrækt sjálfbært samlífi í Svavarssafni. Sýningin er afar viðamikil en hún er afrakstur samstarfs tuttugu og sjö listamanna- og hönnuða, auk æðarræktenda.

Löng og mikil hefð er fyrir æðarrækt á Íslandi og hvergi meiri útflutningur á æðardún. Þegar víkingar settust að á Íslandi tóku þeir með sér þessa hefð frá norðurlöndunum, en dæmi um þetta nána sambyli æðarfuglsins og manna má finna í Noregi, Danmörku og Skotlandi m.a. Æðardúnn er afar verðmætur en hann er tíndur fuglinum að meinalausu og á móti vernda bændur fuglinn fyrir ýmsum rándýrum og passa að góðar aðstæður séu fyrir varp.

Sýningarstjórar eru Rúna Thors og Hildur Steinþórsdóttir, en Hanna Dís Whitehead aðstoðar við aðlögun sýningarinnar að Höfn. Þar sem sýningin er afar stór mun hún teygja sig langt út fyrir safnið og hægt verður að rekast á verk í Gömlubúð, þegar maður fer í sund eða verslar í Nettó, en farið verður í göngutúr með leiðsögn klukkan fimm á opnunardeginum.

Safnvörður hvetur íbúa Hornafjarðar og aðra áhugasama um að koma með í gönguna og að sjálfsögðu kíkja við á sýninguna, en hún mun standa opin öllum til 20. janúar á næsta ári.

Sveit Golklúbbs Hornafjarðar Austurlandsmeistarar í golfi

Sveitakeppni Austurlands í kvennaflokki var haldin á Silfurnesvelli um liðna helgi en keppnin hefur legið niðri frá árinu 2015. Golfklúbbur Hornafjarðar (GHH) sendi tvær sveitir til leiks að þessu sinni en auk þeirra komu tvær sveitir frá Golfklúbbi Norðfjarðar (GN) og ein frá Golfklúbbi Seyðisfjarðar (GSF). Segja má að veðurguðirnir hafi átt sinn þátt í því að mótið var sérstaklega fjölbreytt að þessu sinni og fengu kylfingar að spreyta við ýmsar aðstæður. Sveit GHH 1 vann með nokkrum yfirburðum og sigraði í öllum sínum leikjum á mótinu og endaði með 4 stig úr viðureignunum og 10,5 sigra í leikjum af 12 mögulegum. Úrslit mótsins voru eftirfarandi:

1. sæti GHH 1 – 4 stig – 10,5 leikir unnir.
2. sæti GSF – 2 stig – 7 leikir unnir.
3. sæti GN 2 – 2 stig – 4,5 leikir unnir.
4. sæti GN 1 – 1 stig – 5 leikir unnir
5. sæti GHH 2 – 1 stig – 3 leikir unnir

Í sveit GHH 1 voru Jóna Benný Kristjánsdóttir, Bergþóra Ólafía Ágústsdóttir, Lilja Rós Aðalsteinsdóttir og Erla Þórhallsdóttir auk liðstjórans Önnu Eyrúnar Halldórsdóttur. Í sveit GHH 2 voru Friðþóra Ester



Þorvaldsdóttir, Sigríður Birgisdóttir, Inga Kristín Sveinbjörnsdóttir, Matthildur Ásmundardóttir, Jóna Margrét Jóhannesdóttir og Alma Þórisdóttir auk liðstjórans Halldóru Katrínar Guðmundsdóttur.

Mótsstjóri og dómari var Gestur Halldórsson og hélt hann vel utan um alla hluti, m.a. að sópa vatni af flötum þegar þess gerðist þörf. Gaman er að segja frá því að GHH eru nú Austurlandsmeistarar í bæði kvenna- og karlaflokki, líklega í fyrsta skipti í

sögunni, og verður gaman að fylgjast með keppnisliðunum okkar í framtíðinni.

Um næstu helgi er lokamót sumarsins, kjötsúpumótið stórskemmtilega. Raðað verður í tveggja manna lið eftir forgjöf og leikið eftir Texas Scramble fyrirkomulagi.

Mótanefnd GHH

Auglýst er eftir umsóknum í Uppbyggingarsjóð Suðurlands

Menningarverkefni

Bætt **menning, velferð og samstarf** svo lífsgæði eflist og mannlíf á Suðurlandi blómstri

Atvinnuþróunar- og nýsköpunarverkefni

Öflugt atvinnulíf á Suðurlandi með aukinni **nýsköpun**, bættri **framleiðni** og fleiri fyrirtækjum

Kynnið ykkur **áherslur og úthlutunarreglur** sjóðsins á www.sass.is

UMSÓKNARFRESTUR RENNUR ÚT
ÞRIÐJUDAGINN 4. OKTÓBER, KL. 16:00



RÁÐGJÖF UM ALLT SUÐURLAND

Ráðgjafar eru á starfsstöðvum um allt Suðurland. Umsækjendur eru hvattir til hafa samband við ráðgjafa á vegum SASS og fá aðstoð við gerð umsókna.



STYRKIR@SASS.IS



S. 480-8200



WWW.SASS.IS

Uppbyggingarsjóður er hluti af



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA